

KJARASAMNINGUR

milli
Landsvirkjunar

og

VM Félags vélstjóra og málmtæknimanna

Gildir til 1. nóvember 2022

RITSTÝRÐUR KJARASAMNINGSTEXTI

sem í heild gildir til 1. nóvember 2022

tekinn saman af

VM – Félagi vélstjóra og málmtæknumanna

Kjarasamningstexti þessi er unnin fyrir VM og byggir á heildartexta kjarasamnings milli Landsvirkjunar og VM félags vélstjóra og málmtæknumanna. Gildistími frá 22. júní 2011 til 31. janúar 2014.

Með eftirfarandi breytingum:

Kjarasamningur milli VM, Félags vélstjóra og málmtæknumanna og Landsvirkjunar sf. Gildistími til 31. desember 2018. Undirritaður 3. nóvember 2015.

KJARASAMNINGUR milli VM, Félags vélstjóra og málmtæknumanna, Rafiðnaðarsambands Íslands og Samiðnar og Landsvirkjunar. Gildistími til 1. nóvember 2022. Undirritaður 1. nóvember 2019.

Frumeintök ofangreindra samkomulaga halda gildi sínu.

Efnisyfirlit:

1. KAFLI FORGANGSRÉTTUR OG GILDISSVIÐ	1
1.1 GILDISSVIÐ.....	1
1.2 FORGANGSRÉTTUR	1
1.3 RÁÐNINGARSAMNINGUR	1
1.4 LAUSAR VÉLFRÆÐINGSSTÖÐUR	1
2. KAFLI VINNUTÍMI OG VINNUTILHÖGUN	2
2.1 VINNUSKYLDA.....	2
2.2 TÍMAMÖRK DAGVINNU	2
2.3 SKRÁNING VINNUTÍMA	2
2.4 SAMFELLDUR VINNUTÍMI	3
2.5 ÚTKALL	3
2.6 LÁGMARKSHVÍLD.....	3
2.7 MATAR- OG KAFFITÍMAR.....	5
2.8 VINNA Í MATAR- OG KAFFITÍMUM.....	5
2.9 RÁÐNING Í YFIRVINNU (YFIRVINNA OG YFIRVINNUÁLAG).....	5
2.10 HELGIDAGAR OG STÓRHÁTÍÐARDAGAR.....	6
3. KAFLI VAKTKERFI.....	7
3.1 VAKTIR OG VINNUSKYLDA.....	7
3.2 TAKMÖRKUN MATAR- OG KAFFITÍMA.....	7
3.3 VAKTAÁLAG	7
3.4 FÆÐI Á AUKAVÖKTUM	7
3.5 ÓSTUNDVÍSI	7
3.6 BAKVAKTIR.....	8
3.7 TÍMABUNDNAR VAKTIR.....	8
4. KAFLI LAUNAÁKVÆÐI	9
4.1 LAUNAFLOKKAR	9
4.2 NIÐURRÖÐUN STARFSHEITA Í LAUNAFLOKKA	13
4.3 AFLEYSINGAR	13
4.4 ÓSKERT KJÖR.....	13
4.5 YFIRVINNUKAUP	13
4.6 LAUN FYRIR HLUTA MÁNAÐAR.....	13
4.7 DESEMBERUPPBÓT	14
4.8 GREIÐSLA LAUNA.....	14
4.9 FJARVISTARUPPBÓT	14
4.10 NESTISTÍMI	14
5. KAFLI NÁMSKEIÐ.....	15
5.1 HJÁLP Í VIÐLÖGUM	15
5.2 ÞJÁLFUN OG NÝR BÚNAÐUR.....	15
6. KAFLI ORLOF	16
6.1 ORLOF FASTRA STARFSMANNA	16
6.2 ORLOFSTÍMABIL	16
6.3 ORLOF AÐ VETRI.....	16
6.4 ORLOFSUPPBÓT	16
6.5 VETRARORLOF VEGNA AUKAFRÍDAGA	17
6.6 VEIKINDI Í ORLOFI.....	17
6.7 LAUNALAUST LEYFI	17

6.8	ÓLAUNAÐIR FRÍDAGAR Á FERÐUM.....	17
7. KAFLI IÐGJALDAGREIÐSLUR		18
7.1	ORLOFSSJÓÐUR.....	18
7.2	FÉLAGSGJÖLD	18
7.3	SJÚKRASJÓÐUR	18
7.4	FRÆÐSLUSJÓÐUR	18
7.5	ENDURHÆFINGARSJÓÐUR	18
7.6	SKIL GJALDA	18
8. KAFLI LAUN Í VEIKINDA- OG SLYSATILFELNUM O. FL.		19
8.1	VEIKINDARÉTTUR.....	19
8.2	YFIRVINNA Í VEIKINDUM	19
8.3	GREIÐSLA FYRIR LÆKNISHJÁLP	19
8.4	LÆKNISVOTTORÐ.....	19
8.5	GREIÐSLUR Í FÆÐINGARORLOFI OG VEIKINDI BARNA.....	20
8.6	TILKYNNING VEIKINDA	20
8.7	BOÐUN FORFALLA	20
8.8	SLYSATRYGGINGAR	20
9. KAFLI LÍFEYRISSJÓÐIR.....		23
9.1	IÐGJÖLD	23
9.2	AÐILD	23
9.3	SÉREIGNASJÓÐIR	23
10. KAFLI AÐBÚNAÐUR Á VINNUSTAÐ, HEILSUGÆSLA O.FL.		24
10.1	LÆKNISSKOÐANIR.....	24
10.2	LYF OG SJÚKRAGÖGN	24
10.3	HREINLÆTISAÐBÚNAÐUR	24
10.4	FATASKÁPAR	24
10.5	ÖRYGGISBÚNAÐUR OG HLÍÐARFÖT	24
10.6	VINNUFÖT	24
10.7	TJÓN STARFSMANNS VIÐ VINNU	24
10.8	ÚTBÚNAÐUR OG ÁHÖLD	25
10.9	ÖRYGGISFULLTRÚAR	25
10.10	SKOÐUN VINNUSVÆÐA	25
10.11	HÚSNÆÐI OG RAFMAGN	25
11. KAFLI UPPSAGNARFRETTUR, TRÚNAÐARMENN		26
11.1	UPPSAGNARÁKVÆÐI	26
11.2	TRÚNAÐARMENN	26
12. KAFLI ÝMIS ÁKVÆÐI		27
12.1	VIÐMIÐUNARÁKVÆÐI LAUNA	27
12.2	AÐLÖGUN AÐ STARFSLOKUM	27
12.3	GILDISTÍMI SAMNINGS.....	27

1. KAFLI

FORGANGSRÉTTUR OG GILDISSVIÐ

1.1 Gildissvið

Störf vélfræðinga eru stjórnunar- og/eða fagstörf á tæknisviði. Með víðtækri fagþekkingu vélfræðinga á búnaði til orkuframleiðslu, stuðla þeir að öruggum rekstri í aflstöðvum og annast viðhald og eftirlit á framleiðslu- og flutningskerfum þeirra ásamt öðrum tilfallandi verkefnum samkvæmt nánari ákvæðum í starfslýsingum viðkomandi starfsmanna.

1.2 Forgangsréttur

Landsvirkjun skuldbindur sig til að láta vélfræðinga, sem eru fullgildir félagsmenn í VM hafa forgangsrétt til þeirra starfa, sem um ræðir í þessum samningi.

1.3 Ráðningarsamningur

Vélfræðingar skulu yfirleitt ekki fastráðnir fyrr en að loknu 3ja mánaða reynslutímabili og skal þá gerður skriflegur ráðningarsamningur milli hvers starfsmanns og Landsvirkjunar.

1.4 Lausar vélfræðingsstöður

Lausar vélfræðingsstöður hjá Landsvirkjun skulu auglýstar innan fyrirtækisins.

2. Kafli

VINNUTÍMI OG VINNUTILHÖGUN

Stytting vinnutíma og endurskoðun vinnufyrirkomulags

Haustið 2019 mun Landsvirkjun endurskoða vinnufyrirkomulag við orkuvinnslu. Breytingar verða undirbúnar í nánu samstarfi við fulltrúa starfsmanna með það að markmiði að góð sátt náist vegna allra starfsstöðva LV. Í þessari vinnu verður stefnt að því að ná fram bættri nýtingu vinnutíma samhliða fjölskylduvænna starfsumhverfi þar sem því verður við komið.

Við endurskoðun vinnufyrirkomulags er miðað við að fullt starf skv. kjarasamningi sé 36 virkar vinnustundir að meðaltali á viku frá og með 1. apríl 2020, án skerðingar á mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Þegar niðurstaða um endurskoðun liggur fyrir verður hún tilkynnt öllum hlutaðeigandi starfsmönnum með samningsbundnum fyrirvara.

Verði töf á gildistöku nýs vinnufyrirkomulags mun stytting vinnutíma í 36 virkar stundir taka gildi eigi síðar en 1. september 2020.

Við gildistöku vinnutímastyttingar breytist deilitala dagvinnutímakaups til samræmis og verður 156. Breytingin felur í sér að greiðslur fyrir kaffitíma skv. kjarasamningi færast yfir í tímakaup fyrir virkan vinnutíma, sbr. nánar skýringar í aðalkjarasamningi SA og VM / RSÍ / Samiðnar.

2.1 Vinnuskylda

Föst laun hvers starfsmanns samkvæmt samningi þessum svarar til þess að hann gegni starfi 40 stundir á viku. Virkur vinnutími dagvinnumanns er skemmri sem svarar kaffitímum samkvæmt samningnum.

Virkur dagvinnutími skal vera 37,08 stundir á viku, en virkur vinnutími vaktavinnu- manna á reglubundnum vöktum allan sólarhringinn skal vera 36,00 stundir á viku.

2.2 Tímamörk dagvinnu

Dagvinnumenn gegna störfum 8 stundir á dag að frátöldum matartíma. Dagvinnumörk skulu vera á tímabilinu 07:30 - 17:00 mánudaga til föstudaga. Heimilt er að breyta upphafs- og lokatíma daglegrar vinnu með samkomulagi Landsvirkjunar og starfsmanna.

2.3 Skráning vinnutíma

Vinnutími telst frá því, að starfsmaður kemur til vinnu samkvæmt fyrirfram ákveðnum byrjunartíma og þar til hann hættir vinnu, að frádregnum matartíma í dagvinnu. Komi starfsmaður of seint til vinnu á hann ekki kröfu á launum fyrir þann fjórðung klukkustundar sem hann mætti í né þann tíma sem áður er liðinn.

2.4 Samfelldur vinnutími

Nú hefur starfsmaður unnið allan daginn, þar með talið tvo tíma í yfirvinnu, og er kallaður út aftur eftir 2 klst. eða fyrr og skal hann þá halda launum sínum, sem um samfelldan vinnutíma hafi verið að ræða.

2.5 Útkall

Greiðsla fyrir hvert útkall skal vera 4 klst. hið minnsta, sé kallað út utan reglulegs vinnutíma. Ávallt skal greiða fyrir útkall einni klst. lengur en unnið er.

Útkall telst öll kvaðning til yfirvinnu, sem fram fer utan reglubundins vinnutíma. Sé vélfræðingur boðaður af sínum yfirmanni til yfirvinnu með skemmri fyrirvara en 24 klst. skal ætíð greiða 1 klst. lengur en unnið er.

2.6 Lágmarkshvöld

2.6.1 Tilhögun vinnutíma

Vinnutíma skal haga þannig á hverjum sólarhring, að reiknað frá byrjun vinnudags fái starfsmaður a.m.k. 11 klst. samfellda hvíld. Verði því við komið skal dagleg hvíld ná til tímabilsins milli kl. 23:00 til 06:00. Jafnframt vísast til samnings ASÍ og VSÍ frá 30. desember 1996 um skipulag vinnutímans.

Óheimilt er að skipuleggja vinnu þannig að vinnutími fari umfram 13 klst.

2.6.2 Frávik og frítökuréttur

Lengja má vinnulotu í allt að 16 klst. Verði því við komið skal starfsmaður fá 11 klst. hvíld í beinu framhaldi af vinnunni án skerðingar á rétti til fastra launa.

Fái starfsmaður ekki 11 klst. hvíld á sólarhring m.v. venjubundið upphaf vinnudags (vinnusólarhringinn) skal veita uppbótarhvíld sem hér segir: Sé starfsmaður sérstaklega beðinn að mæta til vinnu áður en 11 klst. hvíld er náð ber honum uppbótarhvíld sem nemur 1 ½ klst. (dagvinna) fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist. Heimilt er að greiða út ½ klst. (dagvinna) af frítökuréttinum.

Vinni starfsmaður það lengi á undan hvíldardegi að ekki náist 11 stunda hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags reiknast frítökuréttur skv. 2. mgr.

Komi starfsmaður til vinnu á hvíldardegi er greitt fyrir unninn tíma auk þess sem frítökuréttur reiknast skv. 2. mgr.

Framangreind ákvæði eiga þó ekki við á skipulegum vaktaskiptum en þá er heimilt að stytta hvíldartíma í allt að átta klst.

Áunninn frítökuréttur vegna vinnu á sama sólarhring getur þó aldrei orðið meiri en sem nemur einum vinnudegi á föstum launum.

Án samþykkis starfsmanns er óheimilt að skipuleggja vinnu þannig, að uppsafnaður frítökuréttur sé tekinn út á tímum þegar starfsmaður er á ferðalögum á vegum Landsvirkjunar eða við störf fjarri heimili/aðsetri nema í eðlilegu framhaldi söfnunar.

Uppsafnaður frítökuréttur skv. framangreindu skal koma fram á launaseðli og veittur í hálfum og heilum dögum utan annatíma í starfsemi fyrirtækis í samráði við starfsmenn. Við starfslok skal ónýttur frítökuréttur starfsmanns gerður upp og teljast hluti ráðningartíma.

2.6.3 Útköll

Ef starfsmaður er kallaður til vinnu eftir venjulegum vinnudegi er lokið skal fara með eins og hér segir:

Ljúki útkalli fyrir kl. 00:00 myndast ekki frítökuréttur ef starfsmaður nær samanlagt 11 klst. hvíld frá upphafi reglulegs vinnudags til upphafs þess næsta (vinnusólarhringnum).

Ef útkalli lýkur á tímabilinu 00:00 – 06:00 reiknast ekki frítökuréttur ef 11 klst. samfelld hvíld næst fyrir eða eftir útkallið. Að öðrum kosti skal frítökuréttur miðast við muninn á lengstu hvíld og 11 klst.

2.6.4 Hvíld undir 8 klst.

Komi upp sérstakar aðstæður vegna nauðsynlegs viðhalds eða verði truflun á starfsemi vegna ytri aðstæðna svo sem vegna veðurs eða annarra náttúruafla, slysa, orkuskorts, bilana í vélum, tækjum eða öðrum búnaði eða annarra ófyrirséðra atburða og koma verður í veg fyrir verulegt tjón, er heimilt að stytta hvíld niður fyrir 8 klst.

Fái starfsmaður ekki 8 klst. hvíld á vinnusólarhringnum skal hann, auk frítökuréttar skv. gr. 2.6.2., fá greidda 1 klst. í yfirvinnu fyrir hverja klst. sem hvíldin fer niður fyrir 8 klst.

2.6.5 Vikulegur frídagur

Á hverju sjö daga tímabili skal starfsmaður hafa a.m.k. einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma og skal við það miðað að vikan hefjist á mánudegi.

2.6.6 Frestun á vikulegum frídegi

Þegar ekki er unnið í vaktavinnu skal almennt miðað við að vikulegur frídagur sé á sunnudegi og að allir þeir sem starfa hjá sama fyrirtæki eða á sama fasta vinnustað fá frí á þeim degi.

Heimilt er með samkomulagi við starfsmann að fresta vikulegum frídegi þannig að í stað vikulegs frídags komi tveir samfelldir frídagar á tveim vikum.

Töku frídaga má haga þannig að þeir séu teknir aðra hverja helgi (laugardag og sunnudag). Í sérstökum tilvikum má fresta vikulegum hvíldartíma lengur þannig að starfsmaður fái samsvarandi hvíld innan 14 daga.

Falli frídagar á virka daga vegna ófyrirséðra orsaka skerðir það ekki rétt starfsmanns til fastra launa og vaktaálags.

2.6.7 Frí í stað yfirvinnu

Heimilt er með samkomulagi starfsmanns og Landsvirkjunar að safna frídögum vegna yfirvinnu, á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar og frítöku á dagvinnutímabili en munur dagvinnu- og yfirvinnutímakaups er greiddur við næstu reglulegu útborgun eða komi í heild til uppsöfnunar og frítöku á dagvinnutímabili. Verðgildi unninna yfirvinnutíma skal lagt til grundvallar. Samkomulag skal vera um frítöku. Frítökuréttur skv. framansögðu sem ekki hefur verið nýttur fyrir 1. maí ár hvert eða við starfslok, skal greiddur út m.v. verðgildi dagvinnustunda á greiðsludegi. Samkomulag skal vera um frítöku og hún skipulögð þannig að sem minnst röskun verði á starfsemi.

2.7 Matar- og kaffitímar

Matarhlé skal vera á tímabilinu kl. 12:00 - 13:00. Kaffitímar skulu vera tveir. Morgunkaffi 20 mínútur og síðdegiskaffi 15 mínútur.

Matarhlé telst ekki hluti vinnutíma. Heimilt er með samkomulagi Landsvirkjunar og starfsmanna að færa þessi hlé til.

Ef unnin er yfirvinna skulu fyrstu 15 mínúturnar teljast kaffitími. Í yfirvinnu skulu matartímar vera kl. 19:00 - 20:00 og kl. 03:00 - 04:00. Kaffihlé skulu vera kl. 22:00 - 22:15 og 05:00 - 05:15 og síðustu 15 mínúturnar áður en dagvinna hefst. Sé unnin helgidagavinna skulu matar- og kaffihlé vera þau sömu og á virkum dögum.

2.8 Vinna í matar- og kaffitímum

Ef unnið er í matar- og kaffihléum að hluta eða öllu leyti í dagvinnu og þau skert sem því nemur, skal það greitt sem yfirvinna. Kaffi- eða matarhlé eða hlutar úr þeim sem falla inn í vinnutímabil í yfirvinnu eða helgidagavinnu dagvinnumanna reiknast sem vinnutímar. Sé unnið í þeim skal greiða til viðbótar vinnutímanum og með sömu launum 1/4 klst. fyrir hvert kaffihlé og 1 klst. fyrir hvert matarhlé og skal það einnig gert þótt skemur sé unnið. Í matar og kaffihléum skal því aðeins unnið að sérstakar ástæður séu fyrir hendi og menn séu fúsir til að vinna.

Þegar starfsmenn er afskráðir úr vinnu og minna en 1/4 klst. er til næsta kaffi- eða matarhlés í yfirvinnu, skulu þau kaffi- og matarhlé greiðast til viðbótar hinum unna tíma. Undanskilin eru kaffihlé í upphafi yfirvinnu og kvöldmatarhlé.

2.9 Yfirvinna og yfirvinnuálag

Yfirvinna 1 og yfirvinna 2, eins og samið var um í almennum kjarasamningi SA og VM / RSÍ / Samiðnar dags. 3. maí 2019, tekur gildi 1. september 2020 og þá með þeim hlutföllum sem taka gildi 1. janúar 2021 skv. almenna samningnum.

Í tengslum við endurskoðun vinnufyrirkomulags er heimilt að semja um að í stað yfirvinnu 1 og 2 verði öll yfirvinna greidd frá 1. apríl 2020 sem sama hlutfall mánaðarlauna. Atkvæði greidd sameiginlega meðal allra félagsmanna VM, RSÍ og Samiðnar.

2.10 Helgidagar og stórhátíðardagar

Frídagur án frádráttar á föstum launum hjá dagvinnuönnum eru allir helgidagar Þjóðkirkjunnar, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, 17. júní og fyrsti mánudagur í ágúst. Ennfremur aðfangadagur jóla og gamlársgdagur frá hádegi beri þeir upp á vinnudag.

Stórhátíðarvinna telst þó vinna á nýársdag, föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, 17. júní, jóladag og vinna á aðfangadag jóla og gamlársgdag eftir kl. 12:00.

3. Kafli

VAKTKERFI

3.1 Vaktir og vinnuskylda

Í aflstöðvum er unnið skv. vaktkerfum sem taka mið af eftirlits- og viðhaldspörf aflstöðva og veitumannvirkja. Ef nauðsynlegt reynist af rekstrarástæðum að breyta vaktkerfi eða vinnutilhögun, skal það upplýst með a.m.k. 3ja mánaða fyrirvara. Aðilar skulu þá taka upp viðræður og leitast við að ná samkomulagi um breytt vinnufyrirkomulag.

Vinnutími vaktavinnumanna sem vinna á reglubundnum vöktum alla daga ársins skal vera 36 klst. að meðaltali á viku.

3.2 Takmörkun matar- og kaffitíma

Vélfræðingar í vaktavinnu hafa ekki sérstaka matar- og kaffitíma. Þeim er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni, ef því verður við komið starfsins vegna.

Vegna takmörkunar þeirrar, sem að ofan greinir á matar- og kaffitímum skal telja hverja vakt þar sem unnið er á þrískiptum vöktum 15 mín lengri en raunverulegri viðveru nemur.

3.3 Vaktaálag

Reglubundin vaktavinna greiðist með föstu álagi, sem skal vera 30,0% fyrir tímabilið kl. 16 - 24 mánudaga til föstudaga, 55,0% kl 08 - 24 laugardaga og sunnudaga, og 60,0% frá kl. 00 - 08 alla daga. Álagið reiknast miðað við venjulega vinnuviku sem fast hlutfall, sem greiðist á mánaðarkaup án álaga meðan menn vinna á reglubundnum vöktum. Meðaltalsvaktaálag fyrir fimmskiptar vaktir alla daga ársins reiknast m.v. framangreindar forsendur 37,62%.

Auk framangreinds álags greiðist 30% álag á hverja vakt, sem unnin er á stórhátíðardegi, sbr. gr. 2.10. Álag þetta reiknast ofan á grunnkaup að viðbættu meðaltalsvakta- og bakvaktaálagi.

3.4 Fæði á aukavöktum

Vinni vélfræðingur aukavakt, skal Landsvirkjun sjá honum fyrir fæði á vaktinni honum að kostnaðarlausu, enda búi hann ekki í næsta nágrenni í húsnæði vinnuveitanda síns.

3.5 Óstundvísi

Heimilt er að draga frá launum vaktavinnumanna vegna óstundvísi eins og um yfirvinnu vaktavinnumanns væri að ræða.

3.6 Bakvaktir

Vélfræðingur við aflstöð, sem gegnir bakvakt samkvæmt gildandi vaktkerfi á rétt á bakvaktarálagi sem nemur 60% af dagvinnutímakaupi (Gildir frá 1. apríl 2020). Þessi bakvaktageiðsla miðast við, að viðkomandi vélfræðingur sé staðsettur á vinnusvæði aflstöðvarinnar. Sé vélfræðingur á bakvakt staðsettur utan vinnusvæðis aflstöðvarinnar, greiðist 1 klst á dagvinnukaupi fyrir hverjar 3 klst. á bakvakt.

Breytingar á tilhögun bakvakta innan gildandi vaktkerfis skulu tilkynntar með a.m.k. 3ja mánaða fyrirvara.

3.7 Tímabundnar vaktir

Landsvirkjun er heimilt án aukageiðslu að setja á tímabundnar sólarhringsvaktir með minnst 15 daga fyrirvara. Ef þær vaktir eru settar á með minna en 15 daga fyrirvara skulu hlutaðeigandi vélfræðingar fá greiðslu sem svarar til mismunarins á dagvinnu og vaktavinnu þá daga sem vantar upp á að vaktir séu settar á með 15 daga fyrirvara.

Landsvirkjun er heimilt að slíta tímabundnum vöktum án sérstaks fyrirvara. Þó skal ávallt leitast við að veita þann fyrirvara sem mögulegur er. Fyrsta mánuðinn eftir vaktaslit halda hlutaðeigandi vélfræðingar vaktakaupi.

Þó slitið hafi verið vöktum er heimilt að láta vélfræðinga ganga vaktir í allt að 3 daga án þess að setja á vaktir, enda greiðist þá öll umframvinna með yfirvinnukaupi.

4. Kafli

LAUNAÁKVÆÐI

4.1 Launaflokkar

Kauptaxtar kjarasamningsins hækka á samningstímabilinu sem hér segir:

1. apríl 2019	kr. 17.000
1. apríl 2020	kr. 24.000
1. janúar 2021	kr. 24.000
1. janúar 2022	kr. 25.000

Aðrir launaliðir kjarasamningsins hækka um 2,5% á sömu dagsetningum, nema um annað hafi verið samið.

Mánaðarlaun vélfræðings, sem gegnir fullu starfi, skulu frá og með 1. janúar 2019 greidd skv. neðangreindri launatöflu.

lfl.	Byrjun	e. 1 ár	e. 3 ár	e. 5 ár	e. 7 ár
293	464.920 kr	473.056 kr	481.335 kr	489.758 kr	498.329 kr
294	470.519 kr	478.753 kr	487.131 kr	495.656 kr	504.330 kr
295	476.187 kr	484.520 kr	492.999 kr	501.627 kr	510.405 kr
296	481.927 kr	490.361 kr	498.942 kr	507.674 kr	516.558 kr
297	487.740 kr	496.275 kr	504.960 kr	513.797 kr	522.789 kr
298	493.623 kr	502.261 kr	511.051 kr	519.994 kr	529.094 kr
299	499.581 kr	508.324 kr	517.219 kr	526.271 kr	535.480 kr
300	505.612 kr	514.460 kr	523.463 kr	532.624 kr	541.945 kr
301	511.720 kr	520.675 kr	529.787 kr	539.058 kr	548.492 kr
302	517.905 kr	526.968 kr	536.190 kr	545.574 kr	555.121 kr
303	524.166 kr	533.339 kr	542.672 kr	552.169 kr	561.832 kr
304	530.505 kr	539.789 kr	549.235 kr	558.847 kr	568.627 kr
305	536.923 kr	546.319 kr	555.880 kr	565.608 kr	575.506 kr
306	543.424 kr	552.934 kr	562.610 kr	572.456 kr	582.474 kr
307	550.004 kr	559.629 kr	569.423 kr	579.387 kr	589.527 kr
308	556.665 kr	566.407 kr	576.319 kr	586.404 kr	596.666 kr
309	563.412 kr	573.272 kr	583.304 kr	593.512 kr	603.898 kr
310	570.242 kr	580.221 kr	590.375 kr	600.707 kr	611.219 kr
311	577.158 kr	587.258 kr	597.535 kr	607.992 kr	618.632 kr
312	584.159 kr	594.382 kr	604.783 kr	615.367 kr	626.136 kr
313	591.249 kr	601.596 kr	612.124 kr	622.836 kr	633.736 kr
314	598.427 kr	608.899 kr	619.555 kr	630.397 kr	641.429 kr
315	605.694 kr	616.294 kr	627.079 kr	638.053 kr	649.219 kr
316	613.055 kr	623.783 kr	634.700 kr	645.807 kr	657.109 kr
317	620.505 kr	631.364 kr	642.413 kr	653.655 kr	665.094 kr

318	628.049 kr	639.040 kr	650.223 kr	661.602 kr	673.180 kr
319	635.686 kr	646.811 kr	658.130 kr	669.647 kr	681.366 kr
320	643.420 kr	654.680 kr	666.137 kr	677.794 kr	689.656 kr
321	651.250 kr	662.647 kr	674.243 kr	686.042 kr	698.048 kr
322	659.178 kr	670.714 kr	682.451 kr	694.394 kr	706.546 kr
323	667.206 kr	678.882 kr	690.763 kr	702.851 kr	715.151 kr
324	675.333 kr	687.151 kr	699.176 kr	711.412 kr	723.862 kr
325	683.562 kr	695.524 kr	707.696 kr	720.081 kr	732.682 kr
326	691.894 kr	704.002 kr	716.322 kr	728.858 kr	741.613 kr
327	700.331 kr	712.587 kr	725.057 kr	737.746 kr	750.656 kr
328	708.873 kr	721.278 kr	733.901 kr	746.744 kr	759.812 kr
329	717.521 kr	730.078 kr	742.854 kr	755.854 kr	769.081 kr
330	726.277 kr	738.987 kr	751.919 kr	765.078 kr	778.467 kr

Mánaðarlaun vélfræðings, sem gegnir fullu starfi, skulu frá og með 1. apríl 2020 greidd skv. neðangreindri launatöflu.

lfl.	Byrjun	e. 1 ár	e. 3 ár	e. 5 ár	e. 7 ár
293	488.920 kr	497.476 kr	506.182 kr	515.040 kr	524.053 kr
294	494.519 kr	503.173 kr	511.979 kr	520.938 kr	530.055 kr
295	500.187 kr	508.940 kr	517.847 kr	526.909 kr	536.130 kr
296	505.927 kr	514.781 kr	523.789 kr	532.956 kr	542.282 kr
297	511.740 kr	520.695 kr	529.808 kr	539.079 kr	548.513 kr
298	517.623 kr	526.681 kr	535.898 kr	545.277 kr	554.819 kr
299	523.581 kr	532.744 kr	542.067 kr	551.553 kr	561.205 kr
300	529.612 kr	538.880 kr	548.311 kr	557.906 kr	567.669 kr
301	535.720 kr	545.095 kr	554.634 kr	564.340 kr	574.216 kr
302	541.905 kr	551.388 kr	561.038 kr	570.856 kr	580.846 kr
303	548.166 kr	557.759 kr	567.520 kr	577.451 kr	587.557 kr
304	554.505 kr	564.209 kr	574.082 kr	584.129 kr	594.351 kr
305	560.923 kr	570.739 kr	580.727 kr	590.890 kr	601.230 kr
306	567.424 kr	577.354 kr	587.458 kr	597.738 kr	608.199 kr
307	574.004 kr	584.049 kr	594.270 kr	604.670 kr	615.251 kr
308	580.665 kr	590.827 kr	601.166 kr	611.687 kr	622.391 kr
309	587.412 kr	597.692 kr	608.151 kr	618.794 kr	629.623 kr
310	594.242 kr	604.641 kr	615.222 kr	625.989 kr	636.944 kr
311	601.158 kr	611.678 kr	622.383 kr	633.274 kr	644.357 kr
312	608.159 kr	618.802 kr	629.631 kr	640.649 kr	651.861 kr
313	615.249 kr	626.016 kr	636.971 kr	648.118 kr	659.460 kr
314	622.427 kr	633.319 kr	644.403 kr	655.680 kr	667.154 kr
315	629.694 kr	640.714 kr	651.926 kr	663.335 kr	674.943 kr
316	637.055 kr	648.203 kr	659.547 kr	671.089 kr	682.833 kr
317	644.505 kr	655.784 kr	667.260 kr	678.937 kr	690.819 kr
318	652.049 kr	663.460 kr	675.070 kr	686.884 kr	698.905 kr
319	659.686 kr	671.231 kr	682.977 kr	694.929 kr	707.090 kr
320	667.420 kr	679.100 kr	690.984 kr	703.076 kr	715.380 kr

321	675.250 kr	687.067 kr	699.091 kr	711.325 kr	723.773 kr
322	683.178 kr	695.134 kr	707.298 kr	719.676 kr	732.271 kr
323	691.206 kr	703.302 kr	715.610 kr	728.133 kr	740.875 kr
324	699.333 kr	711.571 kr	724.024 kr	736.694 kr	749.586 kr
325	707.562 kr	719.944 kr	732.543 kr	745.363 kr	758.407 kr
326	715.894 kr	728.422 kr	741.170 kr	754.140 kr	767.337 kr
327	724.331 kr	737.007 kr	749.904 kr	763.028 kr	776.381 kr
328	732.873 kr	745.698 kr	758.748 kr	772.026 kr	785.537 kr
329	741.521 kr	754.498 kr	767.701 kr	781.136 kr	794.806 kr
330	750.277 kr	763.407 kr	776.766 kr	790.360 kr	804.191 kr

Mánaðarlaun vélfræðings, sem gegnir fullu starfi, skulu frá og með 1. janúar 2021 greidd skv. neðangreindri launatöflu.

lfl.	Byrjun	e. 1 ár	e. 3 ár	e. 5 ár	e. 7 ár
293	512.920 kr	521.896 kr	531.029 kr	540.322 kr	549.778 kr
294	518.519 kr	527.593 kr	536.826 kr	546.220 kr	555.779 kr
295	524.187 kr	533.360 kr	542.694 kr	552.191 kr	561.855 kr
296	529.927 kr	539.201 kr	548.637 kr	558.238 kr	568.007 kr
297	535.740 kr	545.115 kr	554.655 kr	564.361 kr	574.238 kr
298	541.623 kr	551.101 kr	560.746 kr	570.559 kr	580.544 kr
299	547.581 kr	557.164 kr	566.914 kr	576.835 kr	586.930 kr
300	553.612 kr	563.300 kr	573.158 kr	583.188 kr	593.394 kr
301	559.720 kr	569.515 kr	579.482 kr	589.623 kr	599.941 kr
302	565.905 kr	575.808 kr	585.885 kr	596.138 kr	606.570 kr
303	572.166 kr	582.179 kr	592.367 kr	602.733 kr	613.281 kr
304	578.505 kr	588.629 kr	598.930 kr	609.411 kr	620.076 kr
305	584.923 kr	595.159 kr	605.574 kr	616.172 kr	626.955 kr
306	591.424 kr	601.774 kr	612.305 kr	623.020 kr	633.923 kr
307	598.004 kr	608.469 kr	619.117 kr	629.952 kr	640.976 kr
308	604.665 kr	615.247 kr	626.013 kr	636.969 kr	648.116 kr
309	611.412 kr	622.112 kr	632.999 kr	644.076 kr	655.347 kr
310	618.242 kr	629.061 kr	640.070 kr	651.271 kr	662.668 kr
311	625.158 kr	636.098 kr	647.230 kr	658.557 kr	670.081 kr
312	632.159 kr	643.222 kr	654.478 kr	665.932 kr	677.585 kr
313	639.249 kr	650.436 kr	661.818 kr	673.400 kr	685.185 kr
314	646.427 kr	657.739 kr	669.250 kr	680.962 kr	692.879 kr
315	653.694 kr	665.134 kr	676.773 kr	688.617 kr	700.668 kr
316	661.055 kr	672.623 kr	684.394 kr	696.371 kr	708.558 kr
317	668.505 kr	680.204 kr	692.107 kr	704.219 kr	716.543 kr
318	676.049 kr	687.880 kr	699.918 kr	712.166 kr	724.629 kr
319	683.686 kr	695.651 kr	707.824 kr	720.211 kr	732.815 kr
320	691.420 kr	703.520 kr	715.831 kr	728.358 kr	741.105 kr
321	699.250 kr	711.487 kr	723.938 kr	736.607 kr	749.497 kr
322	707.178 kr	719.554 kr	732.146 kr	744.958 kr	757.995 kr
323	715.206 kr	727.722 kr	740.457 kr	753.415 kr	766.600 kr

324	723.333 kr	735.991 kr	748.871 kr	761.976 kr	775.311 kr
325	731.562 kr	744.364 kr	757.391 kr	770.645 kr	784.131 kr
326	739.894 kr	752.842 kr	766.017 kr	779.422 kr	793.062 kr
327	748.331 kr	761.427 kr	774.752 kr	788.310 kr	802.105 kr
328	756.873 kr	770.118 kr	783.595 kr	797.308 kr	811.261 kr
329	765.521 kr	778.918 kr	792.549 kr	806.418 kr	820.531 kr
330	774.277 kr	787.827 kr	801.614 kr	815.642 kr	829.916 kr

Mánaðarlaun vélfræðings, sem gegnir fullu starfi, skulu frá og með 1. janúar 2022 greidd skv. neðangreindri launatöflu.

lfl.	Byrjun	e. 1 ár	e. 3 ár	e. 5 ár	e. 7 ár
293	537.920 kr	547.334 kr	556.912 kr	566.658 kr	576.574 kr
294	543.519 kr	553.031 kr	562.709 kr	572.556 kr	582.576 kr
295	549.187 kr	558.798 kr	568.577 kr	578.527 kr	588.651 kr
296	554.927 kr	564.638 kr	574.519 kr	584.573 kr	594.804 kr
297	560.740 kr	570.553 kr	580.538 kr	590.697 kr	601.034 kr
298	566.623 kr	576.539 kr	586.628 kr	596.894 kr	607.340 kr
299	572.581 kr	582.601 kr	592.797 kr	603.171 kr	613.726 kr
300	578.612 kr	588.738 kr	599.041 kr	609.524 kr	620.190 kr
301	584.720 kr	594.953 kr	605.364 kr	615.958 kr	626.737 kr
302	590.905 kr	601.246 kr	611.768 kr	622.474 kr	633.367 kr
303	597.166 kr	607.616 kr	618.250 kr	629.069 kr	640.078 kr
304	603.505 kr	614.066 kr	624.812 kr	635.747 kr	646.872 kr
305	609.923 kr	620.597 kr	631.457 kr	642.508 kr	653.751 kr
306	616.424 kr	627.211 kr	638.188 kr	649.356 kr	660.720 kr
307	623.004 kr	633.907 kr	645.000 kr	656.287 kr	667.772 kr
308	629.665 kr	640.684 kr	651.896 kr	663.304 kr	674.912 kr
309	636.412 kr	647.549 kr	658.881 kr	670.412 kr	682.144 kr
310	643.242 kr	654.499 kr	665.952 kr	677.607 kr	689.465 kr
311	650.158 kr	661.536 kr	673.113 kr	684.892 kr	696.878 kr
312	657.159 kr	668.659 kr	680.361 kr	692.267 kr	704.382 kr
313	664.249 kr	675.873 kr	687.701 kr	699.736 kr	711.981 kr
314	671.427 kr	683.177 kr	695.133 kr	707.297 kr	719.675 kr
315	678.694 kr	690.571 kr	702.656 kr	714.953 kr	727.464 kr
316	686.055 kr	698.061 kr	710.277 kr	722.707 kr	735.354 kr
317	693.505 kr	705.641 kr	717.990 kr	730.555 kr	743.340 kr
318	701.049 kr	713.317 kr	725.800 kr	738.502 kr	751.426 kr
319	708.686 kr	721.088 kr	733.707 kr	746.547 kr	759.611 kr
320	716.420 kr	728.957 kr	741.714 kr	754.694 kr	767.901 kr
321	724.250 kr	736.924 kr	749.821 kr	762.942 kr	776.294 kr
322	732.178 kr	744.991 kr	758.028 kr	771.294 kr	784.792 kr
323	740.206 kr	753.160 kr	766.340 kr	779.751 kr	793.396 kr
324	748.333 kr	761.429 kr	774.754 kr	788.312 kr	802.107 kr
325	756.562 kr	769.802 kr	783.273 kr	796.981 kr	810.928 kr
326	764.894 kr	778.280 kr	791.900 kr	805.758 kr	819.859 kr

327	773.331 kr	786.864 kr	800.634 kr	814.646 kr	828.902 kr
328	781.873 kr	795.556 kr	809.478 kr	823.644 kr	838.058 kr
329	790.521 kr	804.355 kr	818.431 kr	832.754 kr	847.327 kr
330	799.277 kr	813.264 kr	827.496 kr	841.978 kr	856.712 kr

4.2 Niðurröðun starfsheita í launaflokka

Byrjunarlaun vélfræðinga skulu vera skv. launaflokki 150.

Vélfræðingar, sem starfa við stöðvargæslu við aflstöðvar skulu fá laun greidd skv. launaflokki 163. Hafi þeir jafnframt rofastjóraréttindi skulu þeir fá greitt skv. launaflokki 164. Vélfræðingar skv. framangreindu sem jafnframt hafa sveinspróf í rafvirkjun skulu fá þrjá launaflokka til viðbótar. Fyrstu vélfræðingar skulu fá laun skv. launaflokki 181 og viðhaldsstjórar og yfirvélfræðingar skulu fá laun skv. launaflokki 186.

Landsvirkjun metur viðbótarmenntun sem tekur a.m.k. tvær annir og skilar sér í viðbótar hæfni eða auknum réttindum og nýtist í starfi. Hækkun getur numið allt að fjórum launaflokkum.

4.3 Afleysingar

Sé vélfræðingur settur til að gegna æðri stöðu um stundarsakir, skal hann taka laun sem fylgja þeirri stöðu meðan hann gegnir henni.

Vélfræðingar, sem ráðnir kunna að vera til afleysinga eða vegna forfalla skulu, eftir því sem við á, njóta allra kjara samkvæmt ákvæðum samnings þessa, svo og hlíta ákvæðum hans hvað vinnutilhögun snertir.

4.4 Óskert kjör

Laun þau er að framan greinir eru lágmarkslaun. Starfsmaður, er kann að njóta betri launa eða kjara að öðru leyti, skal halda þeim óskertum meðan hann gegnir sama starfi.

4.5 Yfirvinnukaup

Yfirvinnukaup vélfræðinga skal vera 1,0385% af viðkomandi mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Vinna á stórhátíðum greiðist með 1,375% af mánaðarlaunum.

4.6 Laun fyrir hluta mánaðar

Þegar starfsmaður hefur störf eða lætur af störfum, þannig að ekki stendur á heilum mánuði eða draga á frá mánaðarlaunum heila daga eða heilar vaktir, sem hann hefur ekki mætt á, skal draga frá fullu mánaðarkaupi 1/21,67 þess fyrir hvern fjarvistardag, mánudaga til föstudaga að því er varðar dagvinnumenn. Fyrir vaktkerfi reiknast hlutfallið út frá meðaltali heilla vinnudaga í mánuði.

4.7 Desemberuppbót

1. desember ár hvert skal hver vélfræðingur, sem þá er í starfi og unnið hefur síðasta ár hjá Landsvirkjun, fá greidda launauppbót, sem hér segir:

Á árinu 2019 kr.132.071

Á árinu 2020 kr.135.373

Á árinu 2021 kr.138.757

Á árinu 2022 kr.142.226

Þeir sem skemur hafa unnið skulu fá hlutfallslega greiðslu. Þeir vélfræðingar, sem unnið hafa hjá Landsvirkjun í 3 ár eða lengur en hætta áður en til greiðslu kemur, skulu fá greitt hlutfallslega.

4.8 Greiðsla launa

Greiðsla launa skal fara fram með þeim hætti sem venja hefur verið hjá Landsvirkjun, nema samkomulag verði um annað.

4.9 Fjarvistaruppbót

Greiða skal vélfræðingum fjarvistaruppbót vegna tímabundinna starfa tvo vinnudaga eða lengur fjarri föstum vinnustað. Fjarvistaruppbót greiðist þannig, að til viðbótar unnum vinnutíma skal greiða eina klukkustund í yfirvinnu fyrir hverja fjarvistarnótt.

4.10 Nestistími

Séu starfsmenn við störf þannig að vegna fjarlægðar geti þeir ekki notið matar- og kaffitíma í mötuneytum Landsvirkjunar eða í matstofum, þar sem hægt er að bera fram heitan og kaldan mat, skal greiða þeim til viðbótar unnum tíma eina klukkustund í yfirvinnu fyrir hvern heilan vinnudag, sem þeir starfa við slíkar aðstæður.

5. Kafli

NÁMSKEIÐ

5.1 Hjálp í viðlögum

Námskeið í hjálp í viðlögum skal haldið árlega á kostnað Landsvirkjunar.

5.2 Þjálfun og nýr búnaður

Vélfræðingum skal gefinn kostur á að sækja námskeið og kynnisferðir sem koma þeim að gagni í starfi. Í þeim tilvikum að vélfræðingar sækji slík námskeið eða kynnisferðir með samþykki vinnuveitanda skulu vélfræðingar halda föstum launum sínum á meðan, á sama hátt og um veikindadaga væri að ræða.

Ennfremur þegar nýr búnaður er settur upp skulu viðkomandi vélfræðingar fá að kynna sér hann og þeim séð fyrir nægilegri þjálfun í meðferð og viðhaldi hins nýja búnaðar, þeim að kostnaðarlausu.

6. Kafli

ORLOF

6.1 Orlof fastra starfsmanna

Orlof fastráðinna starfsmanna skal vera sem hér segir:

Að sumri	Að vetri	
	Eftir 1 ár	Eftir 3 ár.
Orlof 24 dagar	3 dagar	6 dagar

Sumarorlof starfsmanna á reglubundnum fimmskiptum vöktum telst 22 vaktir, vetrarorlof 3 vaktir eftir 1 ár, en 5 vaktir eftir 3 ár.

Þeir sem skemur hafa unnið skulu fá orlof í sama hlutfalli.

Starfsmenn skulu auk þess fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu á fyrsta starfsári, 11,59% næstu 2 ár og síðan 13,04%.

Um orlof fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um orlof nr. 87/1971 og breytingum á þeim frá 18. des. 1982. Með samkomulagi starfsmanna og viðkomandi yfirmanns er heimilt að skipta orlofi og taka það hvenær sem er ársins.

6.2 Orlofstímabil

Orlof skal veitt á orlofstímabili lögum samkv. Stefnt skal þó að því að sem flestir eigi kost á orlofstöku á tímabilinu 1. júní - 15. september eftir nánara samkomulagi hlutaðeigandi.

6.3 Orlof að vetri

Fái vélfræðingar ekki sumarleyfi á lögboðnum tíma (2. maí - 15. september) samkvæmt samkomulagi vélfræðings og vinnuveitanda, skal fyrir hverja 4 sumarleyfisdaga sem veittir eru utan tímabilsins 2. maí - 15. september koma einn dagur til viðbótar sumarleyfi, án frádráttar á kaupi.

6.4 Orlofsuppbót

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2019 verði orlofsuppbót kr.132.071

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2020 verði orlofsuppbót kr.135.373

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2021 verði orlofsuppbót kr.138.757

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2022 verði orlofsuppbót kr.142.226

Þeir sem skemur hafa unnið skulu fá hlutfallslega greiðslu. Þeir vélfræðingar sem unnið hafa hjá Landsvirkjun í 3 ár eða lengur en hætta áður en til greiðslu kemur, skulu fá greitt hlutfallslega.

6.5 Vetrarorlof vegna aukafrídaga

Auk framangreinds orlofs skulu vélfræðingar sem vinna reglubundið á vöktum á aukafríðögum fá án skerðingar á launum 12 vinnudaga (vaktir) á ári.

Frídagar þessir skulu veittir á tímabilinu 15. september - 30. apríl með samfelldu fríi.

Starfsmenn sem vinna skv. vinnutilhögun með blöndu af vöktum og hefðbundinni dagvinnu fá hlutfall framangreindra daga í samræmi við hlutfall vakta af heildarvinnutíma.

6.6 Veikindi í orlofi

Veikist starfsmaður í orlofi það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins, skal hann á fyrsta degi tilkynna Landsvirkjun um veikindin og hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Fullnægi hann tilkynningunni og standi veikindin samfelld lengur en þrjú sólarhringa á launþegi rétt á uppbótarorlofi jafn langan tíma og veikindin sannanlega voruðu.

Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði. Landsvirkjun á rétt á að láta lækni vitja starfsmanns er veikst hefur í orlofi.

6.7 Launalaust leyfi

Eftir a.m.k. 5 ára samfelld starf hjá Landsvirkjun skulu starfsmenn eiga rétt á fríi án launa í fulla 6 mánuði í einu lagi og eftir 8 ára samfelld starf skulu starfsmenn eiga rétt á fríi án launa í 12 mánuði í einu lagi, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

Starfsmaður skal óska eftir slíku fríi með minnst þriggja mánaða fyrirvara, og ákveður yfirmaður þá hvenær frí hefjist og hvenær því ljúki, í samráði við starfsmann. Skal leitast við að veita fríð sem næst umbeðnum tíma.

Ekki er skylt að veita fleiri en 5% starfsmanna slík leyfi frá störfum samtímis og ekki fleiri en einum vélfræðingi viðkomandi starfsstöðvar.

Starfsmaður skal eiga rétt á að ganga inn í fyrra starf sitt þegar fríi lýkur samkvæmt framanskráðu.

6.8 Ólaunaðir frídagar á ferðum

Purfi starfsmaður að ósk Landsvirkjunar að ferðast milli landa á ólaunuðum frídögum, skal hann þegar heim er komið fá frí sem samsvarar 8 dagvinnustundum fyrir hvern frídag sem þannig glatast, enda hafi ekki verið tekið tillit til þess við ákvörðun launa. Um töku þessara frídaga fer með sama hætti og ákveðið er í kafla 2.6.

7. kafli

IÐGJALDAGREIÐSLUR

7.1 Orlofssjóður

Í orlofssjóð VM greiðir Landsvirkjun fjárhæð, sem nemi 0,25% af brúttólaunum þeirra starfsmanna sem samningurinn tekur til.

7.2 Félagsgjöld

Landsvirkjun tekur að sér innheimtu félagsgjalda aðal- og aukafélaga VM, af ógreiddum en kræfum vinnulaunum vélfræðinga.

7.3 Sjúkrasjóður

Í sjúkrasjóð VM greiðir Landsvirkjun 1% af brúttólaunum þeirra starfsmanna sem samningurinn tekur til.

7.4 Fræðslusjóður

Landsvirkjun greiðir 1% af brúttólaunum þeirra starfsmanna sem samningurinn tekur til í fræðslusjóð VM.

Gjald þetta skiptist í tvennt. Af mánaðarlegu framlagi renna kr. 1.050 til Iðunnar, fræðsluseturs, en það sem umfram er myndar viðbótarrétt viðkomandi starfsmanns til styrkja úr fræðslusjóði VM. Ef 1% framlag starfsmanns jafngildir eða er lægra en kr. 1.050, rennur allt framlagið til Iðunnar.

7.5 Endurhæfingarsjóður

Landsvirkjun greiðir 0,13% gjald af heildarlaunum starfsmanna í endurhæfingarsjóð sem starfar samkvæmt sérstöku samkomulagi aðila vinnumarkaðarins.

7.6 Skil gjalda

Fjárhæðir þær er um ræðir í þessum kafla skulu greiddar mánaðarlega. Greiðslum skal fylgja skilagrein.

8. Kafli

LAUN Í VEIKINDA- OG SLYSATILFELLUM O. FL.

8.1 Veikindaréttur

Veikist vélfræðingur skal hann á fyrsta ári fá laun 2 vinnudaga (vaktir) fyrir hvern byrjaðan mánuð. Eftir eins árs starf skulu menn halda óskertum launum í veikindatilfellum miðað við starf hjá Landsvirkjun sem hér segir:

Eftir 1 ár	84	almanaksdaga	á	hverjum	12	mán.
" 3 "	120	"	"	"	"	"
" 5 "	170	"	"	"	"	"
" 10 "	210	"	"	"	"	"

Vélfræðingar skulu halda óskertum launum í allt að 12 mánuði verði þeir fyrir slysi á vinnustað eða í ferðum að og frá vinnustað, eða veikjast af orsökum er rekja má til vinnunnar, samanber reglur varðandi atvinnusjúkdóma, útgefna af samgöngu-ráðuneytinu 7. mars 1956, enda renni bætur þær, er vélfræðingur kynni að hafa rétt til frá almannatryggingum, til vinnuveitanda meðan vélfræðingur heldur fullum launum.

Aðilar eru sammála um að, auk veikinda og slysatilvika, verði veikindaréttur samkvæmt samningi þessum virkur þurfi starfsmaður að gangast undir aðkallandi og nauðsynlega lækniáðgerð til að draga úr eða eyða afleiðingum sjúkdóms sem fyrirsjáanlegt er að leiði til óvinnufærni. Ofangreind skilgreining felur ekki í sér breytingu á sjúkdómshugtaki vinnuréttar eins og það hefur verið túlkað af dómstólum. Þó eru aðilar sammála um að áðgerðir sem starfsmaður þarf að gangast undir, til að bæta úr afleiðingum slyss við vinnu, leiði einnig til þess að veikindaréttur skv. samningi þessum verði virkur.

8.2 Yfirvinna í veikindum

Í tilvikum skv. gr. 8.1 og 8.5.2 skal starfsmönnum greidd tilfallandi yfirvinna í allt að 1 mánuð, sem þeir eru fjarverandi vegna einstaks sjúkdóms eða slyss. Þá skulu greidd 90% af tilfallandi yfirvinnu næstu 2 mánuði. Þessar yfirvinnugreiðslur miðast við þau laun sem viðkomandi hefði ella notið.

8.3 Greiðsla fyrir læknishjálp

Landsvirkjun greiði útlagðan kostnað við læknishjálp vegna slysa sem greinir í gr. 8.1 á sama tíma og starfsmaður nýtur launa.

8.4 Læknisvottorð

Ekki er skylt að greiða starfsmanni laun fyrir veikindadaga eða slysadaga nema fyrir liggi læknisvottorð sbr. 8.6.

8.5 Greiðslur í fæðingarorlofi og veikindi barna

8.5.1 Greiðslur í fæðingarorlofi

Starfsmaður sem er í fæðingarorlofi nýtur réttinda til greiðslu sumarorlofs og fullrar orlofs- og desemberuppbótar, þ.e. réttindi og greiðslur skerðast ekki.

8.5.2 Veikindi barna

Foreldri er heimilt að verja 13 dögum á hverju almanaksári til aðhlynningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði ekki annarri umönnun við komið. Foreldri heldur dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi þar sem það á við.

Sama á við um börn undir 16 ára aldri í alvarlegum tilvikum sem leiða til sjúkrahúsvistar a.m.k. einn dag.

Með foreldri í 1. mgr. er einnig átt við fósturforeldri eða forráðamann, sem er framfærandi barns og komi þá í stað foreldris.

8.6 Tilkypping veikinda

Ef starfsmaður veikist og getur af þeim sökum ekki sótt vinnu, skal hann samdægurs tilkyppa það yfirboðara sínum, sem ákveður hvort læknisvottorðs skuli krafist.

Læknisvottorð skal að jafnaði vera frá heimilislækni, en þó getur Landsvirkjun hvenær sem er krafist vottorðs frá trúnaðarlækni. Ef læknisvottorðs er krafist, skal það vera starfsmanni að kostnaðarlausu.

8.7 Boðun forfalla

Skylt er starfsmanni að boða forföll í tæka tíð, ef hann getur ekki mætt til vinnu. Ennfremur skulu þeir, sem eru fjarverandi, láta vita með góðum fyrirvara áður en þeir mæta aftur til vinnu.

8.8 Slysátryggingar

8.8.1 Gildissvið

Starfsmenn skulu tryggðir fyrir dauða, varanlegri örorku eða tímabundinni örorku af völdum slyss í starfi eða leik allan sólarhringinn.

8.8.2 Dánarslysabætur

1. Ef hinn látni var ókvæntur/ógiftur og lætur ekki eftir sig barn og hefur ekki séð fyrir öldruðu foreldri, 67 ára eða eldri, kr. 1.775.186.
Rétthafar þessara dánarbóta eru lögerfingjar.
2. Ef hinn látni var ókvæntur/ógiftur en lætur eftir sig barn (börn) undir 18 ára aldri og/eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri, kr. 5.440.813.

Rétthafar þessara dánarbóta eru foreldrar og börn. Taki báðir þessir aðilar bætur, rennur 1/3 hluti bóta til foreldra en 2/3 hlutar bóta skiptast milli barna að jöfnu.

3. Ef hinn látni var í hjúskap eða í skráðri óvígðri sambúð eða í staðfestri samvist, skulu bætur til maka eða sambúðar, samvistaraðila nema kr. 8.879.732.
Rétthafi dánarbóta þessara er viðkomandi maki eða sambúðar-, samvistaraðili.
4. Ef hinn látni lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs, skulu slysabætur til hvers barns nema kr. 1.775.186.
Stundi barn hins látna á aldrinum 18-25 ára nám á framhaldsskóla- eða háskólastigi í a.m.k. 6 mánuði ársins, er hinn tryggði andaðist, á það sama rétt til bóta.
Rétthafa dánarbóta þessara eru viðkomandi börn. Bætur greiðast til fjárhaldsmanns ófjárráða barns.
5. Með börnum í 2. og 4. lið er átt við kynbörn, kjörbörn, stjúpbörn, börn sambúðaraðila og fósturbörn sem hinn látni var framfærsluskyldur við, sbr. 9. gr. barnalaga nr. 20/1992.
6. Dánarslysabætur greiðast aðeins skv. einum af töluliðum 1, 2 eða 3. Til viðbótar við bætur skv. 2. og 3. tölulið geta komið bætur skv. 4. tölulið.

8.8.3 Bætur vegna varanlegrar örorku

Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við váttryggingarfjárhæðina 11.177.211 kr. Þó þannig að hvert örorkustig frá 26% til 50% virkar tvöfalt og hvert örorkustig frá 51% til 100% virkar fjórfalt. Slysabætur vegna 100% örorku verða þannig 30.737.330 kr.

8.8.4 Tjón bætt úr lögboðinni ökutækjatrýggingu

Slysatryggingin greiðir ekki bætur til starfsmannsins þegar tjón hans fæst bætt úr lögboðinni ökutækjatrýggingu.

8.8.5 Endurskoðun tryggingarfjárhæðar

1. Fjárhæðir þessar miðast við vísitölu neysliverðs í janúar 2011, 128,7 stig (grunnur janúar 2008 = 100) og gilda fyrir tímabilið frá undirskriftardegi samnings þessa til 30. júní 2011.
2. Tryggingarfjárhæðir skv. samningi þessum eru nýjar grunnfjárhæðir og skulu þær endurskoðaðar tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí. Skulu þær þá framreiknaðar sem nemur breytingum á vísitölu neysliverðs frá janúar 2011 til vísitölu janúar- og júlímánaðar ár hvert.

8.8.6 Gildistaka tryggingar og tryggingarskilmálar

1. Tryggingin tekur gildi um leið og tryggingarskyldur launþegi hefur starf (kemur á launaskrá) en fellur úr gildi um leið og hann hættir störfum (fellur af launaskrá).

2. Skilmálar séu almennir skilmálar, sem í gildi eru fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá Sambandi Íslenskra tryggingarfélaganna þegar samkomulag þetta er gert.
3. Verði Landsvirkjun skaðabótaskyld gagnvart launþega sem slysatriggður er skv. samningi þessum, skulu slysabætur og dagpeningar, sem greiddir kunna að verða til launþega, koma að fullu til frádráttar þeim skaðabótum sem Landsvirkjun kann að verða gert að greiða.

9. Kafli

LÍFEYRISSJÓÐIR

9.1 Iðgjöld

Iðgjöld til lífeyrissjóða greiðast vegna allra starfsmanna, sem samningur þessi tekur til, í samræmi við staðfestar reglugerðir viðkomandi lífeyrissjóða. Landsvirkjun greiðir mótframlag 11,5% iðgjald af heildarlaunum starfsmanns á móti 4% iðgjaldi starfsmanna.

Þeir starfsmenn, sem aðild eiga að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, B-deild, skulu ekki njóta aukinna iðgjalda í lífeyrissjóð frá Landsvirkjun frá því sem nú er og falla því ekki undir framangreind ákvæði. Um greiðslu iðgjalda Landsvirkjunar í lífeyrissjóð vegna þeirra starfsmanna fer samkvæmt ákvæðum samþykka og/eða laga sem um lífeyrissjóðinn gilda.

Þeir starfsmenn, sem við gildistöku kjarasamnings, eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, A-deild, skulu ekki njóta hækkana á iðgjöldum frá Landsvirkjun í lífeyrissjóð frá því sem nú er.

9.2 Aðild

Aðild að lífeyrissjóðum skal vera með sama hætti og verið hefur.

9.3 Séreignasjóðir

Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð umfram þau 4% sem starfsmaður greiðir skal Landsvirkjun greiða 2% framlag á móti gegn 2% framlagi starfsmanns.

10. kafli

AÐBÚNAÐUR Á VINNUSTAÐ, HEILSUGÆSLA O.FL.

10.1 Læknisskoðanir

Læknisskoðun fari fram á starfsmönnum ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

10.2 Lyf og sjúkragögn

Algengustu og nauðsynlegustu sjúkragögn og lyf skulu vera fyrir hendi á vinnustað.

10.3 Hreinlætisaðbúnaður

Hreinlætisaðbúnaður allur, þar með taldar handlaugar, böð og salerni skulu vera fullnægjandi að dómi heilbrigðiseftirlits. Allir starfsmenn skulu hafa aðgang að böðum.

10.4 Fataskápar

Hver fastur starfsmaður og afleysingamaður vegna orlofs skal hafa aðgang að fataskáp, sem eingöngu skal nota til geymslu á fatnaði og skal hann vera læsanlegur. Geyma skal algjörlega sundurgreind vinnuföt og fatnað, sem gengið er í að og frá vinnustað.

10.5 Öryggisbúnaður og hlífðarföt

Landsvirkjun sér um að öryggisbúnaður sé ávallt eins fullkominn og frekast er kostur og að fyllsta öryggis sé gætt við rekstur þeirra. Starfsmönnum ber að fara eftir þeim reglum sem settar eru í þessu skyni.

Landsvirkjun leggur starfsmönnum til, þeim að kostnaðarlausu, hlífðarbúnað ef þeir vinna störf, sem samkvæmt öryggisreglum krefjast slíks, enda er starfsmönnum skylt að nota hann.

Þetta á við um öryggisskó, öryggisgleraugu, vettlinga, hjálma og viðeigandi eyrnahlífar. Ef starfsmenn eru látnir vinna sérstaklega óhrein störf, leggur Landsvirkjun þeim til hlífðarföt við vinnu, þeim að kostnaðarlausu, einnig til hlífðar slagviðri og skaðlegum efnum.

10.6 Vinnuföt

Starfsmenn skulu fá vinnufatnað (galla og/eða sloppa) eins og verið hefur. Landsvirkjun sér um þrif á þessum fatnaði.

10.7 Tjón starfsmanns við vinnu

Verði starfsmaður fyrir tjóni á fötum sínum vegna sýrubruna, eða af öðrum ástæðum, skal það bætt eftir mati verkstjóra og viðkomandi trúnaðarmanns.

Verði vélfræðingur fyrir tjóni af völdum vinnuslysa á fatnaði og munum, svo sem gleraugum, úrum o.s.frv. skal það bætt að fullu. Sama gildir um tjón af völdum kemiskra efna.

10.8 Útbúnaður og áhöld

Orkuverin sjái um að allur útbúnaður og áhöld séu í góðu lagi, þannig að ekki stafi af slyshætta eða öryggi starfsmanna sé á nokkurn hátt sett í hættu.

10.9 Öryggisfulltrúar

Öryggisfulltrúar á vinnusvæðum verði skipaðir í samráði við starfsmenn. Starfsmenn skulu fara vel og samviskusamlega með verkfæri þau, vinnutæki, hlífðarföt og vinnufatnað, sem orkuverin leggja til.

10.10 Skoðun vinnusvæða

Öryggistrúnaðarmaður og öryggisfulltrúi Landsvirkjunar á hverju vinnusvæði skulu fara skoðunarferð um viðkomandi vinnusvæði a.m.k. einu sinni í mánuði, svo tryggja megi öryggi starfsfólks.

10.11 Húsnæði og rafmagn

Vélfræðingum, sem hafa nú fasta búsetu í húsnæði Landsvirkjunar við aflstöðvar á Blönduósi eða í Reykjahlíð í Mývatnssveit mun látið í té húsnæði og rafmagn til ljóss og hita. Fyrir þessi hlunnindi greiði vélfræðingur Landsvirkjun mánaðarlegt gjald, sem ákvarðast skv. 4. gr. reglugerðar nr. 104 frá 7. júlí 1970 um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

11. kafli

UPPSAGNARFRESTUR, TRÚNAÐARMENN

11.1 Uppsagnarákvæði

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á starfi skal vera 3 mánuðir. Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðamót.

Hjá starfsmönnum 60 ára og eldri með a.m.k. 10 ára starfsaldur hjá Landsvirkjun skal uppsagnarfrestur af hálfu Landsvirkjunar þó vera 6 mánuðir.

Hægt er að vísa starfsmanni fyrirvaralaust úr starfi eftir að hann hefur fengið skriflega viðvörðun tvisvar sinnum, geri hann sig sekan um óstundvísi eða mæti ekki á vakt án leyfis eða gilda orsaka eða geri sig sekan um brot á viðurkenndum öryggisreglum á orkuverasvæðunum.

Áður en slík brottvikning á sér stað skal trúnaðarmanni starfsmanna gefinn kostur á að kynna sér alla málavöxtu.

Brot á öryggisreglum, sem stefna lífi og limum starfsmanna, svo og tækjum fyrirtækisins í voða, skal þó varða brottvikningu án undangenginna aðvarana, ef aðaltrúnaðarmaður og forstjóri eru sammála um það.

11.2 Trúnaðarmenn

VM er heimilt að tilnefna trúnaðarmenn á vinnustað og skulu þeir starfa í samræmi við lög og venjur. Trúnaðarmenn skulu tilnefndir til tveggja ára í senn.

Trúnaðarmenn skulu, ef kostur er, hafa a.m.k. tveggja ára starfsreynslu hjá Landsvirkjun.

Trúnaðarmenn skulu hafa aðstöðu á vinnustaðnum og nægan tíma án skerðingar launa til að vinna að þeim málum sem þeim eru falin af vélfræðingum á staðnum og/eða VM.

Trúnaðarmenn skulu kjósa sér formann til tveggja ára úr sínum hópi. Formaður trúnaðarmanna er aðaltrúnaðarmaður. Trúnaðarmönnum skal ávallt gefinn kostur á að fylgjast með tilfærslum er störf losna.

12. Kafli

ÝMIS ÁKVÆÐI

12.1 Viðmiðunarákvæði launa

Við endurnýjun samningsins skal taka mið af breytingum á launakjörum hliðstæðra hópa innan Landsvirkjunar svo og launahækkunum á almennum vinnumarkaði.

12.2 Aðlögun að starfslokum

Eftir 15 ára starf hjá LV á starfsmaður, sem náð hefur 65 ára aldri, rétt á að hætta í vaktavinnu og vinna þess í stað fulla dagvinnu á því vinnufyrirkomulagi sem almennt gildir um dagvinnumenn. Auk launa fyrir dagvinnu heldur starfsmaður því meðalvaktaálagi sem í gildi er á hverjum tíma á viðkomandi aflsstöð. Starfsmaður sem kýs að nýta þennan rétt skal tilkynna LV um það með 6 mánaða fyrirvara. Réttur skv. þessu ákvæði gildir í 3 ár og lætur starfsmaður af störfum hjá LV að þeim tíma liðnum, þó eigi síðar en í lok þess mánaðar sem hann nær 70 ára aldri.

Verði vinnuskyldan styttri en sem nemur dagvinnuskyldu, greiði Landsvirkjun viðbótariðgjöld til lífeyrissjóðs sem á vantar til þess að uppfylla iðgjalda–greiðslu fyrir fulla dagvinnuskyldu. Starfsmenn fá auk þess greidda desember–beruppbót skv. gr. 4.7 og orlofsuppbót skv. gr. 6.4 miðað við fulla stöðu.

12.3 Gildistími samnings

Kjarasamningur þessi gildir til 1. nóvember 2022 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Hann felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamninga Landsvirkjunar og VM, RSÍ og Samiðnar.

Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar dags. 3. maí 2019. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um hagvaxtarauka og kaupertaxtauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá 3. maí sl. verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

Reykjavík, 1. nóvember 2019

F.h. Landsvirkjunar

F.h. VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna

Bókun með samningi 01.11.2019

BÓKUN um endurskoðun vinnufyrirkomulags og ábataskipti

Við endurskoðun á vinnufyrirkomulagi má gera ráð fyrir að dregið verði úr yfirvinnu á flestum starfsstöðvum Landsvirkjunar sem mun hafa í för með sér nokkra lækkun launakostnaðar. Í því felst ábati fyrir Landsvirkjun sem fyrirtækið mun deila með hlutaðeigandi starfsmönnum.

Samkomulag er um eftirfarandi form á skiptingu ábatans:

- a) Hluta ábata hefur verið veitt inn í launatöflu samnings þessa með viðbótarhækkun mánaðarlauna umfram almennar hækkunir kauptaxta kjarasamnings skv. 2. gr.
- b) Landsvirkjun mun þegar endurskoðað vinnufyrirkomulag liggur fyrir gera tillögu að frekari hlutdeild í ábata sem verður sérgreindur launaliður hjá starfsmönnum.

Við hækkun launatöflu skv. a) lið hefur einnig verið tekið tillit til þess að vinnutímastytting hefur ekki áhrif á vinnuskil í vaktavinnu skv. kjarasamningi. Landsvirkjun mun einnig horfa til þess launakjör á starfsstöðvum verði áfram samkeppnishæf m.t.t. starfssviðs, ábyrgðar og menntunar.

Bókanir með samningi 03.11.2015

BÓKUN um fyrirkomulag aksturs og vinnutilhögun

Landsvirkjun mun á samningstímanum vinna að endurskoðun á fyrirkomulagi aksturs starfsmanna til og frá vinnustað. Við endurskoðunina verður tekið tillit til aðstæðna á hverju starfssvæði. Endurskoðunin verður unnin í samráði við fulltrúa starfsmanna.

Á samningstímanum mun Landsvirkjun yfirfara og endurskoða vinnutilhögun starfssvæða. Til umfjöllunar verður skipulag vakta, vinnutími, mönnun og annað sem varðar daglegt viðhald og eftirlit aflstöðva.

Leitast verður við að setja fram lýsandi dæmi um tímaskrift fyrir vinnu sem fellur utan skilgreinds vinnufyrirkomulags. Endurskoðunin verður unnin í samvinnu við fulltrúa starfsmanna viðkomandi starfssvæðis.

Vinna við endurskoðun mun hefjast síðari hluta janúar og miða skal við að henni skuli vera lokið eigi síðar en við árslok 2016.

BÓKUN um vindmyllur

Landsvirkjun mun afla gagna varðandi kjör starfsmanna sem vinna við rekstur vindlunda á Norðurlöndunum. Þegar þau liggja fyrir verður settur á fót vinnuhópur með þátttöku fulltrúa Landsvirkjunar og starfsmanna. Þar til þessari vinnu er lokið verður greitt fyrir vinnu í vindmyllum Landsvirkjunar samkvæmt minnisblaði frá 24.02.2014 um vinnu í vindmyllum.

Vinna við endurskoðun mun hefjast síðari hluta janúar og miða skal við að henni skuli vera lokið eigi síðar en við árslok 2016.

BÓKUN um nýja launatöflu

Undirrituð hefur verið ný launatafla sem telst vera hluti samnings þessa. Hliðrun verður á samningstímabilinu sem hér segir:

Þann 1.11.2015 hækka starfsmenn um einn launaflokk

Þann 1.5.2016 hækka starfsmenn um einn launaflokk

Þann 1.1.2017 hækka starfsmenn um einn launaflokk

BÓKUN um mat á hæfni til launaflokkahækkunar

Afstaða LV miðast við að fjölþætta menntun og reynslu þurfi við rekstur aflstöðvanna. Heildrænt mat á hæfni í starfi er því mikilvægt sjónarmið sem hafa verður í huga við gerð matskerfis til aukinna launa.

Slíkt matskerfi getur ekki grundvallast á sjónarmiði félagsmanna úr einu stéttarfélagi, heldur verður matskerfið að vera afrakstur vinnu með viðkomandi stéttarfélögum, Tækniskólanum ásamt stjórnendum LV. Þar sem þessi vinna er allflókin er ekki hægt að verða við þeirri kröfu að setja fram slíkt matskerfi með skömmum fyrirvara.

Rétt er að setja á fót vettvang þar sem þessi vinna fer fram. Í millitíðinni eru ákveðnar línur sem mótast hafa þar sem viðbótarmenntun og hæfni hefur verið metin til launaflokkahækkunar og er mælt til þess að stuðst verði við þær línur þar til niðurstaða er fengin. Vinna við gerð matskerfis hefjist í janúar 2016 og verði lokið eigi síðar en við lok desember 2016.

Bókanir með samningi 27.06.2011

BÓKUN um viðbótarmenntun

Landsvirkjun mun meta að hvaða marki viðbótarmenntun vélfræðinga sem sérstaklega nýtist í starfi, geti leitt til launahækkunar. Starfsmaður sem aflar sér slíkrar viðbótarmenntunar getur óskað eftir viðtali um breytingar á starskjörum.

BÓKUN um slysatryggingar

Samningsaðilar munu á árinu 2011 bera ákvæði kjarasamningsins um slysatryggingar saman við kjarasamninga VM við önnur orkufyrirtæki og meta hvort ástæða sé til samræmingar.

Eldri bókanir og yfirlýsingar

BÓKUN með kjarasamningi LV og VSFÍ dags. 07.04.2005

Landsvirkjun greiðir lífeyrisiðgjöld til hlutaðeigandi lífeyrissjóða í samræmi við samþykktir þeirra, sbr. þó ákvæði kjarasamnings þessa. Ákveði starfsmaður að ráðstafa hluta umsaminna iðgjalda til annarra deilda hlutaðeigandi lífeyrissjóðs eða til annarra lífeyrissjóða, samkvæmt heimildum þar að lútandi, skal hann senda Landsvirkjun tilkynningu þessa efnis ásamt nauðsynlegum fylgigögnum, þ.m.t. samningi við hlutaðeigandi lífeyrissjóð eða deild lífeyrissjóðs. Landsvirkjun mun hefja skiptingu og skil iðgjalda um næstu mánaðarmót eftir að nauðsynleg gögn hafa borist..

Bókun 1, 2000 með kjarasamningi LV og VSFÍ dags. 3.10.2000.

Í framhaldi af bókun með kjarasamningi Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands frá 29. júní 1995 um starfslok vélfræðinga mun Landsvirkjun fyrir árslok 2001 kynna stefnu sína varðandi starfslokamál fyrirtækisins.

Bókun 2 með samningi LV og VSFÍ 29. júní 1995

Samningsaðilar eru sammála um að áfram verði leitað leiða til að auðvelda þeim vélfræðingum sem náð hafa 67 ára aldri, að hætta störfum hjá fyrirtækinu, óski þeir þess. Sérstaklega sé athugað hvort og með hvaða hætti megi auka lífeyrisrétt þeirra.

BÓKUN 24. ágúst 1988

Landsvirkjun mun leitast við að gefa þeim vélfræðingum sem unnið hafa 20 ár eða lengur samfellda vaktavinnu hjá fyrirtækinu kost á að vinna þar önnur störf eftir því sem rekstrarhagkvæmni leyfir og við verður komið. Einnig verði þeim starfsmönnum Landsvirkjunar á aldrinum 67 ára til 70 ára sem kjósa að hætta störfum og starfað hafa 10 ár eða lengur hjá Landsvirkjun greitt lífeyrisframlag sem svarar til iðgjaldshluta atvinnurekanda í jafnlangan tíma og vantar upp á 70 ára aldur, þegar þeir láta af störfum.